

SEGÐU ÞEIM AÐ ÉG ELSKA ÞAU

TAKTU Á MÓTI OPINBERUN
KÆRLEIKS GUÐS TIL ÞÍN



JOYCE MEYER

Metsöluhöfundur #1 New York Times

**SEGÐU ÞEIM
AÐ ÉG ELSKA ÞAU**

TAKTU Á MÓTI OPINBERUN KÆRLEIKS
GUÐS TIL ÞÍN

JOYCE MEYER

Höfundaréttur © 2003, 2007 Joyce Meyer
Titill á frummáli: Tell Them I Love Them
Tungumál: Íslenska
Þýðandi Dagný Dögg Sigurðardóttir, 2024

Öll réttindi áskilin. Í samræmi við höfundarréttarlög Bandaríkjanna frá 1976, er skönnun, að hlaða upp, og að deila rafrænt einhverjum hluta þessarar bókar án leyfis útgefanda þjófnaður á hugverki höfundar. Ef þú vilt nota efni úr bókinni (að öðru leiti en til bókaágrýni), þá þarftu fyrst að óska eftir skriflegu samþykki með því að hafa samband við útgefanda gegnum permissions@hbgusa.com.

Takk fyrir þinn stuðning
um réttindi höfundar.

Ef annað er ekki tekið fram eru ritningarvers fengin úr
The Amplified Bible (AMP). Höfundaréttur © 1954, 1962, 1965, 1987
by The Lockman Foundation. Notað með leyfi.
Biblían, Heilög ritning. © 1981 af Hið íslenska Biblíufélag

FaithWords
Hachette Book Group
237 Park Avenue
New York, NY 10017
www.Faithwords.com

EFNISYFIRLIT

Inngangur

1. Guð elskar þig!	9
2. Er ég nógu góð manneskja?	15
3. Kærleikur er samband	21
4. Kærleikur, traust og trú	27
5. Frelsi frá ótta	31
6. Kærleikurinn teygir sig út	35
7. Kærleikur guðs mun breyta þér	39
Upplifðu nýtt líf	43

INNGANGUR

Ég trúi því að það sem fólk þarfnast meira en nokkurs annars er persónuleg opinberun á kærleik Guðs til sín sem einstaklinga. Ég trúi því að þessi skilningur sé grundvöllurinn að því að hinn kristni einstaklingur geti lifað sigrandi lífi. Við þurfum ekki á „höfuðþekkingu“ að halda varðandi kærleik Guðs heldur þurfum við opinberun á kærleik hans í hjörtum okkar. Það er aðeins Heilagur Andi sem getur gefið hana og hann mun gera það þegar við hugleiðum kærleik Guðs, fylgjumst með kærleik Guðs í okkar lífi og leitum að opinberun gegnum hið ritaða orð Guðs og bæn.

Það er ekki svo flókið að samþykkja það að Guð elski allan heiminn það mikið að Hann hafi sent Jesú til að deyja fyrir syndir okkar allra. Það getur verið aðeins erfðara að trúa því að Guð elski þig svo mikið að hann hefði sent Jesú til að deyja fyrir þig og bara þig ef þú værir eina manneskjan í heiminum.

Eftir að hafa barist við að vera kristin í fjölda ára byrjaði ég að skilja kærleik Guðs. Guð byrjaði náðarsamlega að opinbera fyrir mér, í gegnum Heilagan Anda, kærleik sinn til mín á persónulegan máta. Þessi eina opinberun hefur breytt öllu lífi mínu og göngu minni með honum.

Ég trúi því að það sem þú lest í þessari bók muni gefa þér nýtt innsæi og skilning á kærleik Guðs. Ég trúi því að hún muni gefa þér nýtt innra hungur eftir þessari opinberun í þínu eigin lífi. Ég hvet þig til að lesa bókina hægt, nota hana sem námstæki og hugleiða ritningarnar og hugsanirnar sem þú finnur á síðum hennar.

Ég færi þér þessa bók í auðmýkt, vitandi að ég er ekkert án Guðs og að hver sú opinberun og skilningur sem ég hef úr Orði hans er aðeins fyrir náð hans.

1

GUÐ ELSKAR ÞIG!

“Því svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki, heldur hafi eilíft líf.“
JÓH.3:16

Guð vill fjölskyldu, þess vegna skapaði hann okkur sem börnin sín. Hann vill ekki að við hegðum okkur eins og börn; Hann vill að við hegðum okkur eins og synir hans og dætur. Hann vill að við séum háð honum, að við höllum okkur að honum, elskum hann og leyfum honum að elska okkur. Hann vill að við treystum honum og leitum til hans þegar okkur vantar eitthvað. Hann vill eiga persónulegt samband við hvert og eitt okkar.

Flest okkar hugsa of almennt um Jóh.3:16. Við segjum, „ó, já, ég veit að Jesú dó fyrir heiminn,“ en „heimurinn“ er ekki bara einhver óskýr hópur fólks sem Jesú dó fyrir. Hann dó fyrir hvert og eitt okkar. Hann dó fyrir þig!

Ef þú værir eina manneskjan í heiminum hefði hann dáið bara fyrir þig. Fyrir þig hefði hann gengið í gegnum alla þjáninguna sem hann gekk í gegnum. Guð elskar þig svo mikið. Hann elskar þig með ævarandi elsku (sjá Jeremía 31:3).

Dag einn þegar ég var að keyra sagði Guð við mig: „Joyce, þú ert

sjáaldur auga míns.“ Óvinurinn kom strax inn og sagði, „er þetta ekki voðalegt stolt? Hver heldur þú eiginlega að þú sért?“ Því hugsaði ég: Æ, ég ætti ekki að hugsa svona.

Það að átta okkur á því að við erum einstök, að við höfum ótrúlegar gjafir, hæfileika og getu, stangast á við okkar mannlegu hugsun. En sannleikurinn er sá að hvert og eitt okkar er einstaklingur, undursamlega skapaður af Föður okkar. Guð er hrifinn af fjölbreytni og okkur á aldrei að líða eins og það sé eitthvað að okkur ef við erum ekki eins og einhver annar sem við þekkjum.

Þegar ég var að hugsa um það sem Guð hafði talað til hjarta míns sá ég fyrir mér konu sem stóð hjá stórum stafla af eplum í matvöruverslun. Hún skoðaði þau og valdi síðan það sem henni sýndist vera besta eplið. Ég skildi boðskap Guðs þannig að ég væri besta „eplið“ Hans. Ég væri sú sérstaka. Þetta hljómar ekki rétt en svona sér Guð nefnilega hvert og eitt okkar. Það þýðir ekki að hann sé að segja að þú sért alveg sérstök og enginn annar sé nógu góður. Hann er að segja að við séum öll einstök. Þetta er í orðinu og orðið er fyrir hvert og eitt okkar. Þú ert sjáaldur auga Guðs.

Á þessum tíma greip ég ekki það sem Guð var að reyna að segja mér vegna þess að ég fann fyrir fyrirdæmingu að hugsa svona vel til sjálftrar mín. Um tveim dögum seinna opnaði ég Biblíuna mína á Sál 17:8 og þá blasti þetta við mér: „Varðveit mig sem sjáaldur augans, fel mig í skugga vængja þinna.“ Ég sagði: „Vá, þetta var í raun og veru Guð. Ég er sjáaldur auga hans.“ Mér fannst ég svo einstök í hvert skipti sem ég hugsaði um þetta. Vissir þú að Guð vill að við upplifum okkur sem, dýrmæt, mikils virði og elskuð?

Fólk hefur löngun í hjarta sínu að vera elskað. Þannig skapaði Guð okkur. Margir trúa því að Guð elski heiminn og að hann elski Jesú

en eiga erfitt með að trúa því að Guð elski þá persónulega. Þrátt fyrir það kennir orðið að Guð elskar okkur jafn mikið og hann elskar Jesú: „Faðirinn elskar soninn og sýnir honum allt, sem hann gjörir sjálfur. hann mun sýna honum meiri verk en þessi, svo að þér verðið furðu lostnir“ (Jóh.5:20).

Hér er Guð að segja: „Ég er að gera alla þessa frábæru hluti í gegnum Jesú og meiri verk en þessi gegnum Jesú svo þið verðið furðu lostin“ (umorðun höfundar). Guð vill vekja undrun hjá okkur með því að gera mikla hluti til að veita okkur gleði og ánægju.

Við lesum þessa ritningarstaði en við missum oft af því sem Guð vill gera ekki bara fyrir okkur, heldur sérstaklega gegnum okkur. Hann vill að við horfum á hin miklu verk sem hann gerði gegnum Jesú og síðan að við trúum að hann þrái að gera enn meiri hluti í gegnum okkur: „Sá sem trúir á mig, mun einnig gjöra þau verk, sem ég gjöri. Og hann mun gjöra meiri verk en þau, því ég fer til föðurins“ (Jóh.14:12).

Guð gerir marga hluti fyrir fólk á hverjum degi vegna þess að hann elskar þau, en þrátt fyrir það sjá þau það aldrei. Þau hreinlega viðurkenna það alls ekki. Þegar sólin rís á hverjum degi rís hún fyrir þig og mig. Blómin blómstra í öllum sínum afbrigðum til að veita okkur ánægju. Heimurinn sem Guð skapaði fyrir okkur er einstaklega fallegur. Hann er staður fyrir okkur að búa á og njóta. Í 1. Mósebók stendur að Guð gaf manninum vald og sagði honum að nota allar auðlindir jarðarinnar til að þjóna Guði og manni.

Þegar regnið fellur á sínum tíma rignir fyrir þig. Þegar snjórinn fellur er það fyrir þig. Skref þín eru skipuð af Drottni og hann vakir stöðugt yfir þér.

Í 5. Mósebók 7:9 stendur: „Fyrir því skalt þú vita, að Drottinn Guð

Þinn er hinn sanni Guð, hinn trúfasti Guð, er heldur sáttmálann og miskunnsemina í þúsund ætliði við þá, sem elska hann og varðveita boðorð hans.“

Kærleikur hans til okkar er endalaus og án skilyrða. Mörg okkar halda að við höfum þreytt Guð með mistökum okkar en það er ekki rétt. Þú getur heldur ekki látið Guð hætta að elska þig. Kærleikur er ekki eitthvað sem Guð gerir, heldur það hver hann er.

Ef þú heldur að þú sért eina manneskjan sem hefur verið of vond til að Guð geti elskað hana hefur þú kolrangt fyrir þér. Það er engin gryfja svo djúp að Guð geti ekki teygt sig niður í hana og lyft þér upp. Hann hefur áætlun fyrir endurreisn þína. Hann fyrirgefur ekki aðeins syndir þínar ef þú biður hann um það í einlægni, heldur fyrirgefur hann þær og fjarlægir þær eins langt og austrið er frá vestrinu (Sálmur 103:10-14).

Kannski segir þú: „Ég tók á móti Jesú í hjarta mínu og ég elska hann.“ En ég spyr þig: hversu mikið trúir þú því að Guð elskar þig?

Hin endalaus, skilyrðislaus, kærleikur Guðs er mjög einfaldur boðskapur en hann er jafnframt grundvöllur sem þú verður að byggja líf þitt á til að þú öðlist skilning á öllu öðru. Ég trúi því að þetta sé upphaf lækningar í lífum okkar allra.

Óháð því hvað og hversu mikið þú hefur lært og leitað eftir verki Guðs munt þú ekki ná miklum árangri, ef þú getur ekki tekið á móti þeirri staðreynd að hann elskar þig frjállega og rausnarlega, á göngu þinni með honum. Við tökum á móti frá Guði fyrir trú en meira að segja trúin starfar fyrir kærleika (Gal. 5:6). Við getum ekki tekið við neinu öðru ef við tökum ekki við kærleik Guðs.

Kærleikur Guðs gerir okkur kleift að lifa án ótta (1. Jóh.4:18), sem er forsenda þess að njóta lífsins og uppfylla tilgang okkar. Vilt þú taka á móti kærleik hans til þín? Hann er ekki til sölu – þú getur ekki keypt hann með góðum verkum. Það eina sem þú getur gert er að taka á móti, taka á móti og taka á móti.

2

ER ÉG NÓGU GÓÐ MANNESKJA?

En vonin bregst oss ekki, því að kærleika Guðs er úthellt í hjörtum vorum fyrir heilagan anda, sem oss er gefinn. Meðan vér enn vorum óstyrkir (höfum ekki kraft að hjálpa sjálfum okkur), dó Kristur á settum tíma fyrir óguðlega. Annars gengur varla nokkur í dauðann fyrir réttlátan mann, fyrir góðan mann kynni ef til vill einhver að vilja deyja. En Guð auðsýnir kærleika sinn til vor, þar sem Kristur (Messías, sá smurði) er fyrir oss dáinn meðan vér enn vorum í syndum vorum.

Þar sem vér nú erum réttlættir (sýknaðir, gerður réttlátur og færður inn í rétt samband við Guð) fyrir blóð hans, því fremur mun hann frelsa oss frá reiðinni. Því að ef vér vorum óvinir Guðs og urðum sættir við hann með dauða sonar hans, því fremur munum vér frelsaðir (gerð frjáls daglega frá valdi syndar) verða með lífi sonar hans, nú er vér erum í sátt teknir. RÓM. 5:5-10

Mörg okkar geta trúað því að Guð elski okkur svo lengi sem við gerum ekki mistök. Flestum líkar ekki sérlega vel við sjálfan sig og ályktar því að Guð getur ekki verið mjög hrifinn af þeim heldur. En í Biblíunni stendur: „Hvað er þá maðurinn þess, að þú minnist hans?“ (Sálmur 8:5). Við erum einfaldlega sköpun Guðs og hann elskar okkur vegna þess að hann elskar okkur. Hann er kærleikur (sjá Jóh. 4:16). Guð elskar okkur af því að hann vill það!

Hann elskar okkur og við erum einstök. Það þýðir að við erum alveg sérstök. Þú átt ekki að vera eins og ég, alveg eins og ég á ekki að vera eins og þú. Og við verðum vansæl ef við eyðum lífinu í að bera okkur saman við aðra og keppast við þá. Það eina sem það gerir er að það gefur óvininum tækifæri á að segja okkur að við séum ekki nógu góð. Sannleikurinn er sá að með Guði þarftu ekki að vera „nógu góð manneskja.“ Jesús hefur þegar verið „nógu góður“ í þinn stað. Hann greiddi fyrir syndir þínar og tók út refsinguna sem þú áttir skilið.

Biblían segir að fyrst hann elskaði þig nógu mikið til að deyja fyrir þig, hversu miklu meira, eftir að við höfum verið réttlætt fyrir hans blóð, elskar hann þig núna (Róm. 5:8-9)? Hann elskar þig svo sannarlega nógu mikið til að hylja dagleg mistök þín og hreinsa þig af öllu óréttlæti.

Hér er dæmi um það hvernig ég held að Guð líti á mistök okkar og annmarka. Ímyndaðu þér lítið barn, um þriggja eða fjögurra ára, sem er alltaf að horfa á mömmu gera húsverkin. Hún elskar mömmu svo mikið að hún nær í litla fötu með vatni og litla tusku og fer að glugganum á veröndinni. Hún skrúbbar gluggann virkilega vel, nær svo í pappírspurrkur og þurrkar gluggann.

Að sjálfsgöðu verður glugginn allur skýjaður eftir sápunu og litla stúlkan notaði bestu tuskuna hennar mömmu. En hún kemur inn og segir með litlu, barnslegu röddinni sinni: Mamma, mamma, ég þvoði gluggann þinn. Ég vann gott verk fyrir þig. Ég elska þig mamma.“

Ástúðleg móðirin segir: „Mikið var það fallett af þér. Takk fyrir að hjálpa.“ Síðan, þegar barnið er upptekið annars staðar, þrífur hún eftir hana. Síðar hvetur hún dóttur sína til að biðja um aðstoð svo hún læri að gera hlutina rétt.

Þetta er það sem Guð gerir fyrir okkur. Hann getur látið alla

hluti samverka okkur til góðs ef við elskum hann og erum kölluð samkvæmt ákvörðun hans (Róm. 8:28). Ef þú ert að gera þitt allra besta er það það eina sem Guð væntir af þér. Hann getur og mun hjálpa þér að ná árangri ef þú heldur áfram að leita hans. Hann mun umbreyta þér í ímynd sína frá dýrð til dýrðar (2. Kor.3:18).

„Sá sem Guð sendi, talar Guðs orð [boðar boðskap Guðs], því ómælt gefur Guð andann. Faðirinn elskar soninn og hefur lagt (treyst, skuldbundið) allt í hönd honum“ (Jóh. 3:34-35).

Dag einn þegar ég var að lesa þetta vers grét ég af gleði þegar ég áttaði mig á því að Guð gefur okkur ekki anda sinn samkvæmt mæli. Hann gefur okkur ekki smá af þessu og smá af hinu. Hann er örlátur og megnar að gera langt fram yfir það sem við biðjum eða skynjum (Efesus 3:20).

Í 5. Mósebók 7:6-7 segir Guð: „Því að þú ert Drottni Guði þínum helgaður lýður. Þig hefir Drottinn Guð þinn kjörið til að vera eignarlyður hans um fram allar þjóðir, sem eru á yfirborði jarðarinnar. Ekki var það fyrir þá sök, að þér væruð fjölmennari en allar aðrar þjóðir, að Drottinn lagði ást á yður og kjöri yður, því að þér eruð allra þjóða minnstir.“

Þetta er aldeilis gleðiefni. Guð segir: „Ég lagði ást mína á þig og lýsti yfir heilagleika þínum. Ég sagði þér að það væri enginn eins og þú. Ég valdi þig, ekki vegna þess að þú værir frábær, heldur vegna þess að ég elska þig.“ Veistu hvað Guð vill að þú gerir í dag? Hann vill að þú takir við kærleik hans. Hættu að segja Guði frá öllu því sem er að þér – það kemur Guði jú ekkert á óvart. Hann vissi allt um þig, þar á meðal öll mistökina sem þú myndir nokkurn tímann gera, þegar hann dró þig inn í samband við sig.

Stærsta vandamálið sem flest okkar glímum við er að okkur líkar ekki

vel við sjálf okkur. Við trúum ekki að Guð elski okkur, eða yfir höfuð að nokkur annar elski okkur. Við hugsum: Hvernig gætu þau elskað okkur? Ég er í klessu! Ef þú trúir því að þú sért hræðileg manneskja muntu hegða þér hræðilega. Þú getur ekki yfirstigið þá mynd sem þú hefur af þér í hjarta þínu.

Stærsta vandamálið mitt var að mér líkaði ekki vel við sjálfa mig. Ég eyddi meirihluta tíma míns í að reyna að breyta sjálfri mér í það sem ég hélt að ég ætti að vera. Mér fannst ég tala of mikið, svo ég reyndi að vera þögul. En þegar ég var þögul varð ég þunglynd og döpur og allir vildu vita af hverju ég væri þögul. Síðan hugsaði ég: En þú sagðir mér að ég væri blaðurskjóða. Láttu mig í friði! Ég er bara að reyna að vera þögul.

Ég get ekki sagt þér hversu mörg ár ég gekk í gegnum kringumstæður líkar þeim sem ég var að lýsa, en samt var ég alltaf að tala af mér. Margir sem tala mikið eiga maka sem eru hljóðir og hlédraegir. Þá sést enn frekar hversu mikið þú getur talað og djöfullinn mun stöðugt minna þig á það. Hann vinnur hörðum höndum að því að láta þig finna fyrir sektarkennd og fordæmingu.

Guð vill að þú sért frjálst frá fordæmingu en þú þarft trú og djörfung til að verða frjálst. Veistu að ekkert magn af sektarkennd sem þú getur nokkurn tímann fundið fyrir getur borgað fyrir neitt af öllu því sem þú hefur eða getur gert rangt? Að trúa því að Guð elskar þig þegar þú hefur gert eitthvað rangt getur verið mikil áskorun.

Djöfullinn kvelur þig með hugsunum um það hvað þú sért slæm manneskja. „Þú hefur klúðrað þessu“ segir hann. „Hver heldur þú að þú sért? Guð mun aldrei blessa þig, þú hefur átt að gera betur. Þú getur ekki vitnað fyrir neinum núna. Guð getur ekki notað þig. hann mun ekki svara bænnum þínum. Þú getur aldrei gert neitt rétt.“

Þá þarftu djörfung til að rísa upp og segja: „Faðir, ég gerði mistök og ég bið þig að fyrirgefa mér. Ég þrái af einlæggu hjarta fyrirgefningu þína.“ Svaraðu djöflinum. Minntu hann á að Jesús er búinn að borga fyrir syndir þínar og að þér sé fyrirgefið og þú hafir hlotið frelsi frá sektarkennd og fordæmingu. Farðu svo og njóttu lífsins. Treystu Guði og vertu blessun inn í líf annarra.

En þú ert líklega að hugsa: ég geri alltaf sömu heimskulegu hlutina aftur og aftur og aftur. Svona hugsaði ég líka þar til ég ákvað að hætta að lifa í fordæmingu vegna þess. Þegar þú hættir að lifa í fordæmingu yfir mistökum þínum mun það hjálpa þér að hætta að gera þau.

Sektarkennd og fordæming halda þér niðri og í þunglyndi svo þú getur ekki verið frjál. Það gerir okkur óörugg og auðveldar okkur að falla í synd. Það þarf djarfan einstakling til þess að taka á móti gjöf Guðs, fyrirgefningunni, og lifa ekki undir fordæmingu. Þú verður að starfa í trú og neita að dvelja í sektarkennd. Óvinurinn mun segja, „Ætlar þú ekki einu sinni að láta þér líða illa yfir þessu? Þér ætti að minnsta kosti að líða illa í nokkrar klukkustundir. Það sem þú gerðir var virkilega slæmt.“ Það eina sem þú segir er: „Nei, það ætla ég ekki að gera. Ég ætla ekki að láta mér líða illa yfir því.“ Þetta verður líklega erfitt fyrstu skiptin sem þú gerir þetta en það verður auðveldara.

Í Jesaja 53 lesum við að þegar Jesús tók syndirnar frá okkur bar hann einnig skömmina (inni í því er fordæming). Djöfullinn vill ekki að þú sért frjál frá fordæmingu. Af hverju? Vegna þess að ef þú ert í fordæmingu getur þú í rauninni ekki dvalið í kærleik Guðs. Fordæming aðskilur þig frá Guði og þú getur ekki notið nærveru hans. Það tekur fókusinn frá Guði og yfir á þig.

Gakktu út frjál frá fordæmingu og trúðu því að þegar Guð sagði að náð hans nægir til að hylja synd þína, meinti hann það. Hann elskar þig, náð hans og fyrirgefning eru gjafir til þín. Taktu á móti þeim í dag!

3

KÆRLEIKUR ER SAMBAND

“ Vér þekkjum (skiljum, þekkjum, erum meðvituð um, með því að fylgjast með og með reynslu) kærleikann, sem Guð hefur á oss, og trúum (fylgjum og setum trú okkar og traust á) á hann. Guð er kærleikur, og sá sem er stöðugur í kærleikanum er stöðugur í Guði og Guð er stöðugur í honum.“ 1.Jóh. 4:16

Hvernig getur þú verið meðvitaðri um kærleik Guðs? Sama hversu heitt hann elskar þig nýtur þú ekki góðs af því ef þú gerir þér ekki grein fyrir kærleika hans. Hugsaðu út í það hversu vel þér líður þegar einhver sýnir þér mikinn kærleik. Þegar þú veist að hann elskar þig veitir það þér sjálfsöryggi. Guð elskar þig og vill sýna þér þann kærleik. Hann bíður hverju og einu okkar að stíga inn í djúpt, náíð, persónulegt samfélag við Hann. Hann þráir að vera hluti af öllu sem við gerum. Hann þráir að við séum í stöðugum samræðum við hann rétt eins og við erum við góðan vin.

Átt þú raunverulegt, persónulegt samband við Guð? Það að þú upplifir þig sem kristinn einstakling þýðir ekki að þú sért að njóta djúps sambands við Guð.

Ég var kristin í mörg ár áður en ég tók gönguna mína með Guði alvarlega. Ég fór í kirkju á sunnudögum og tók smávegis þátt sem

sjálfboðaliði þar en Guð var satt best að segja ekki miðpunktur lífs míns. Mér fannst ég tóm og óuppfyllt. Núna er hann það fyrsta sem ég hugsa um á morgnana og það síðasta sem ég hugsa um á kvöldin. Við eigum í samfélagi í gegnum daginn. Það er ekkert sem ég þrái heitar en að þjóna Guði mínum og að gleðja hann. Það er Guð-laga gat innra með okkur – tómarúm sem bara Guð getur fyllt upp í. Það er ekkert annað sem þú getur hlaupið eftir eða þráð sem getur uppfyllt þetta tómarúm. Hversu alvarlega ertu að taka samfélagi þínu við Guð? Viltu setja hann og hans vilja frammar öllu öðru? Getur þú sagt eins og Páll sagði: „Í honum lífum, hrærumst og erum vér“ (Post. 17:28)?

Guð elskar þig og fyrir honum er enginn annar eins og þú. Hann skapaði þig til að eiga samfélag við hann. Þetta er hans dýpsta þrá og hans fullkomni vilji fyrir líf þitt. Í upphafi hvers dags hvíslar hann að hjarta þínu: „Góðan daginn, ég elska þig.“ Ertu tilbúin að hlusta og trúá ef þú hefur ekki heyrt hann segja þetta við þig?

Vinur minn ímyndaði sér Föðurinn ganga inn á heimili fólks í Bandaríkjunum þegar það fór á fætur á morgnanna. Hann fór inn tilbúinn að eiga við það samfélag og tala við það. Hann náði sér í stól við borðið og settist niður. Fólkið fór á fætur, það kom og það fór, það kom og það fór. Það sagði aftur og aftur við Guð: „Seinna. Guð, bíddu þarna í smástund. Um leið og ég er búin að þessu tala ég við þig. Guð, ég ætla að eiga samfélag við þig seinna. Seinna, Guð. Seinna, Guð.“

Deginum lauk. Guð gekk út af heimilinu sorgmæddur vegna þess að engin kom að tala við hann þennan dag. Allir voru of uppteknir við að gera þessa svokölluðu mikilvægu hluti til að hafa tíma fyrir Guð.

Ekki verða of upptekin fyrir Guð. Ef þú hefur ekki tíma til að biðja og njóta tíma með honum ertu of upptekin. Taktu þér tíma til að

segja Guði hversu heitt þú elskar hann. Þegar allt annað er liðið undir lok verður ekkert eftir nema Guð. Ekkert annað! Og ef þú átt ekki samband við hann þá verður orðið fullseint að byrja á því. Faðir minn féll nýlega frá og það gleður mig að geta deilt því að hann tók á móti Jesú sem frelsara sínum um þremur árum áður en hann lést. Þó faðir minn hafi farið til himna missti hann engu að síður af þeirri gleði sem fylgir því að lifa lífi í sigri fyrir Guð. Hann lifði alltaf fyrir sjálfan sig. Ekki koma að lífslokum þínum með eftirsjá vegna þess að þú eyddir því í hluti sem skipta engu máli þegar öllu er á botninn hvolft. Tíminn er dýrmæt gjöf frá Guði og við ættum öll að gæta þess vandlega í hvað við eyðum honum. Þegar honum hefur verið eytt er nefnilega ekki hægt að fá hann til baka. Tíma með Guði fylgir dásamlegur ávinningur en margt annað gefur aðeins skammvinna gleði með háum kostnaði.

Ég legg til að þú takir frá eitt ár og leyfir Guði bara að elska þig. Kærleikur hans dregur fram heilindi, frið, gleði og ástríðu fyrir lífinu. Slakaðu á og hegðaðu þér eins og barnið hans. Lærðu um það hver hann er og kynnstu honum enn betur.

Í 1. Jóh.4:16 stendur: „Vér þekkjum (skiljum, þekkjum, erum meðvituð um, með því að fylgjast með og með reynslu) kærleikann, sem Guð hefur á oss, og trúum (fylgjum og setum trú okkar og traust á) á hann. Guð er kærleikur, og sá sem er stöðugur í kærleikanum er stöðugur í Guði og Guð er stöðugur í honum.“

Snemma að morgni finnst þér kannski að enginn elski þig. Kannski hefur þú enga orku og þú sérð að það verður mjög auðvelt fyrir þig að vera í slæmu skapi allan daginn. Þú getur breytt kringumstæðunum með því að tala út orð uppörvunar og trúar. Talaðu út: „Guð elskar mig mjög mikið. Ég er augasteinn hans og hann hefur góða áætlan fyrir mig.“ Ef þú talar um Guð og hans orð í staðinn fyrir vandamálin þín og hvernig þér líður getur þú snúið öllum deginum við. Englar

hlusta á orð Guðs, ekki kvartið í okkur.

Þú þarft að tala til þín og hafa í huga að kærleikur Guðs umkringir þig. Biblían segir að Guð sé með mynd af þér rista í lófa sinn (Jesaja 49:16). Ég get séð hann fyrir mér þarna uppi að segja, „Sjáðu þetta? Vá, eru þau ekki falleg? Ég elska þau svo mikið. Sjáðu bara börnin mín, hérna í lófanum mínum.“ Hann hefur þig þar sem stöðuga áminningu um að hann elskar þig og þráir samfélag við þig.

Mundu eftir að bera þakklæti til Guðs og þróa tengsl með stöðugu samfélagi við hann. Stundum gætir þú viljað gera hlé á því sem þú ert að gera og beygja þig niður í smá stund, þakka Guði fyrir að þú þekkir hann og segja honum hversu dásamlegur hann er. Slakaðu á og elskaðu Guð. Í 1. Jóh.4:16-17 stendur: „Guð er kærleikur, og sá sem er stöðugur í kærleikanum er stöðugur í Guði og Guð er stöðugur í honum. Með því [sameining og samfélag með honum] er kærleikurinn orðinn fullkominn hjá oss, að vér höfum djörfung á degi dómsins, því að vér erum í þessum heimi eins og hann er.“

Það að vita að Guð elskar þig gefur þér öryggi í honum og traust á trúfesti hans. Allar blessanir koma í gegnum það að leyfa Guði að elska þig: meiri trú, sigur yfir synd, friður í hjarta þitt, lækning, líf uppfullt af hans gjöfum og gleði. Þetta færðu aðeins með því að leyfa Guði að elska þig. Við snúum þessu oft við og hugsum: Jæja, ég verð að elska Guð! Ég trúi því að þú verðir fyrst að leyfa Guði að elska þig. Ég trúi því ekki að þú getir tjáð ást þína til Guðs fyrir en þú leyfir honum að elska þig. Biblían segir að við elskum hann, vegna þess að hann elskaði okkur fyrst (1. Jóh. 4:19).

Ég get sagt þér að vera í samfélagi við Guð en hvernig gerir maður það? Þegar Guð sagði mér að vera í samfélagi við hann settist ég einfaldlega í sófann minn og spurði: „Hvað nú, Guð?“ Einmitt! Ég vissi ekki hvernig ég ætti að vera í samfélagi við Guð vegna þess að

á þessum tímapunkti vissi ég í raun ekki hversu mikið hann elskaði mig og skildi ekki að hann vildi að ég væri vinur hans og stöðugur félagi.

Taktu skrefið og byrjaðu. Gefðu Guði tækifæri og hann kennir þér að eiga samfélag við sig. Ég ætla ekki að reyna að gefa þér einhvers konar formúlu um það hvernig þú eigir að vera í samfélagi við Guð. Ég vil ekki að þú hafir skref eitt, tvö, þrjú, og svo framvegis. Ég vil að hans heilagi andi leiði þig. Guð vill að þér líði vel með honum – samkvæmt Biblíunni er hann jú heimili þitt.

KÆRLEIKUR, TRAUST OG TRÚ

”Í Kristi Jesú er ekkert komið undir umskurn né yfirhúð, heldur undir trú, sem starfar í kærleika.“ Galatabréfið 5:6

Flest okkar eyða löngum tíma í að reyna að hafa trú. Við vitum að án trúar er ógerlegt að þóknast Guði (sjá Hebr. 11:6), þar af leiðandi vinnum við og leggjum okkur öll fram við það að hafa meiri trú. En trúin kemur frá hjartanu og hún fæst aðeins í gegnum kærleiksríkt samband við Guð og það að heyra orð hans. Hún kemur aðeins fyrir opinberun frá Guði. Ég get í rauninni ekki kennt þér trú en ég get kennt þér undirstöðuatriði trúar og gefið þér slíkt hungur eftir henni að þú gerir hvað sem er til að öðlast hana. Trú er höndin sem teygir sig út og tekur á móti frá Guði.

”Því við lifum í trú [við stjórnnum lífi okkar og hegðum okkur samkvæmt sannfæringu okkar eða trú varðandi samfélag manns við Guð og guðlega hluti, með trausti og heilögum eldmóð; þannig lifum við] en sjáum ekki“ (2.Kor. 5:7). Einu sinni þegar ég var að lesa þessa ritningu skynjaði ég að Guð var að tala kröftuga hluti í hjarta mitt. Ég er að reyna að lifa í trú. Í hverjum einasta hluta lífs míns vil ég lifa í trú. Og þessi ritningarstaður segir að ég geti aðeins lifað í trú á grundvelli þess sem ég trúi um samfélag mitt við Guð. Stoppaðu og hugsaðu út í þetta. Veltu því fyrir þér hvernig þér líður með samfélag þitt við Guð. Einstaklingur sem trúir því að hann sé

ekki réttlættur í augum Guðs ætti ekki að búast við því að lifa í trú. Við höfum verið gerð réttlát við Guð í gegnum fórn Jesú Krists (2. Kor. 5:21). Réttlæti okkar byggist ekki á því hvað við höfum gert eða munum gera, heldur byggist á því sem Jesús gerði. Einstaklingur sem trúir því að hann sé ömurleg mistök og að Guð elski hann ekki mun ekki lifa í trú.

Í Gal. 5:6 stendur að trú starfi fyrir kærleik. Margir halda að þessi ritningarstaður þýðir að ef þeim tekst að elska annað fólk muni trú þeirra starfa fyrir þá og þeir geti tekið á móti því sem þeir vilja frá Guði. Þó Guð vilji að við lifum í kærleik er okkur ómögulegt að gera það nema við leyfum honum fyrst að elska okkur. Þetta er mjög einfalt – við getum ekki gefið eitthvað frá okkur sem við eigum ekki til að gefa. Ég reyndi í mörg að lifa í kærleik með fólki vegna þess að ég vissi að það var fyrirskipun Guðs en mér tókst það aldrei þar til ég tók á móti skilyrðislausri ást Guðs til mín. Þeim mun betur sem mér leið með sjálfa mig, þeim mun meira gat ég náð til annarra með sönnum kærleik. Ef þú raunverulega veist hversu mikið Guð elskar þig munt þú eiga auðveldara með að fá þörfum þínum mætt. Ástæða þess að fólk getur ekki tekið á móti er að það trúir í raun og veru ekki, algjörlega, að Guð elski það og þrái að mæta þörfum þess og blessa það.

Þú segir kannski: „Ég vil trúa þessu, en hvernig geri ég það?“ Þú hefur kærleik Guðs innra með þér og það eina sem þú þarft að gera er að byrja að þekkja hann þegar hann sýnir þér hann. Í Biblíunni stendur: „Við elskum hann, því að hann elskaði okkur að fyrri bragði“ (1. Jóh. 4:19). Það væri ómögulegt fyrir þig að elska Guð ef þú hefur ekki sannfæringu um þá staðreynd að hann elskaði þig fyrst.

Þetta er allt innra með okkur, í hjörtum okkar. Þetta er þar inni! Guð elskar okkur! Við erum dásamleg! Við erum falleg! Við erum myndarleg! Við erum hæfileikarík! Við erum dýrmæt! Við erum

stórkostleg! Guð elskar okkur! Það er engin í öllum heiminum sem mun nokkurn tímann elska þig eins og Guð elskar þig! Því meira sem þú hugleiðir kærleik Guðs, því meira muntu geta leyst út trú þína og lifað því lífi sem Guð ætlaði þér.

Þú þarft engan annan en Guð en hann mun setja annað fólk í líf þitt. Sannleikurinn er sá að þó það væri enginn nema þú og Guð væri samt allt í lagi hjá þér. Guð verður besti vinur þinn. Hann verður maki þinn ef þú átt ekki maka. Hann verður móðirin eða faðirinn sem þú átt kannski ekki. Hann er allt sem þú þarft á að halda. Ekki gera þau mistök að biðja Guð aðeins um að gera hluti fyrir þig – biðdu hann um meira af honum í líf þitt. Biddu hann að fylla alla veru þína með honum sjálfum (Efesus 3:16, 19).

Guð elskar þig og vill mæta öllum þínum þörfum og þrám hjarta þíns. Svo lengi sem þú finnur gleði þína í honum mun hann gefa þér hluti á sinn hátt og á sínum tíma. Guð sagði Abraham að Hann myndi blessa hann og gera hann að blessun til annarra. Það er það sama og Guð vill gera fyrir þig en þú verður að trúá því! Leystu út trú þína og trúðu á öll fyrirheiti Guðs, vegna þess að þau eru fyrir þig!

TRÚ OG VERK HOLDSINS

Í Efesus. 2:8 stendur: „Fyrir náð (óverðskuldaðan greiða Guðs) eruð þér hólpin orðin.“ Gerir þú þér grein fyrir því að þú gerðir ekkert til að frelsast? Flest okkar voru vondir syndarar þegar Jesús frelsaði okkur og frelsisgjöf hans var sannarlega hvorki byggð á góðum verkum okkar né getu okkar til að gera eitthvað rétt. Það var aðeins vegna eins atriðis: Guð elskaði okkur það mikið að hann gaf sinn einkason til að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf (sjá Jóh. 3:16).

Það má skilgreina náð sem vilja Guðs til að nota hans getu í þínu lífi til að mæta öllum þínum þörfum. Rétt eins og Guð gaf þér fyrir náð trú til að frelsast, gefur hann þér einnig, vegna kærleiks síns, trú fyrir öðrum hlutum sem þú þráir eða þarft á að halda. Kannski viltu sjá ástvini þína taka á móti Kristi en sannleikurinn er sá að þú getur ekki látið neinn elska Guð. Þú getur beðið Guð að starfa en þú getur ekki látið það gerast með þínum verkum.

Verk holdsins leiða alltaf af sér ergelsi, vegna þess að við erum að reyna að gera eitthvað sem aðeins Guð getur gert. Við erfiðum en fáum engar góðar niðurstöður. Biblían segir að Guð sjálfur standi gegn og sigri okkur þar til við lærum að auðmýkja okkur undir hans völdugu hönd (1. Pétur. 5:5).

Ef trúin sem hann setti innra með þér fyrir frelsun þína var nægjanleg til að bjarga þér frá öllum þínum syndum er þessi sama trú innra með þér til að mæta öllum þörfum þínum út lífið. Þegar þú hefur kærleik Guðs að grundvelli í lífi þínu getur þú byrjað að treysta honum. Þú getur lifað fyrir trú þó þú sjáir ekki. Þú munt vita í hjarta þínu að Guð er trúfastur fyrirheitum sínum.

Enska Amplified-þýðingin lýsir því þannig að trú sé að setja allan mennska persónuleika þinn á [Guð] í fullkomnu trausti á og sannfæringu um hans kraft, visku og gæsku (Kól. 1:4). Þegar þú leyfir Guði að elska þig munt þú geta gert þetta. Því dýpra sem samfélag þitt við Guð verður, þeim mun meiri verður trú þín. Þú munt sjá Guð gera mikilfenglega hluti í og gegnum þig og fyrir þig en það byrjar allt á því að fá opinberun á kærleik hans. Guð elskar þig! Það skaltu aldrei efast um.

5

FRELSI FRÁ ÓTTA

”Það er engin ótti í elskunni [ótti er ekki til], en fullvaxin (algjör, fullkomin) kærleikur snýr ótta út um dyrnar og rekur burt hvern snefil af skelfingu! Vegna þess að ótti færir með sér hugsun refsingar, og sá sem er hræddur hefur ekki náð fullum þroska í kærleika [hefur ekki enn vaxið inn í algjöra fullkomnun kærleikans]. 1. Jóh. 4:18

Við gætum náð þeim stað þar sem okkur gengur bara vel í trúnni, treystum Guði og erum þess fullviss að hann elskar okkur. En skyndilega sendir óvinurinn einhverja árás á okkur.

Kringumstæður í lífi okkar – slæmu hlutirnir sem koma fyrir okkur – geta reynt á trúna meira en nokkuð annað. Sumt fólk á ekki erfitt með að trúa að Guð elski það þar til kringumstæðurnar virðast gefa til kynna að hann geri það ekki.

Síðan kemur óvinurinn með ótta og fordæmingu til að aðskilja þig frá því sem mun hjálpa þér – kærleik Guðs. „Nei sko,“ segir hann. „Ég hélt að Guð elskaði þig. Af hverju koma þá slæmir hlutir fyrir þig? Þú hlýtur að hafa gert eitthvað hræðilegt. Guð er virkilega reiður út í þig.“

Það er auðvelt á tímum rauna og þrenginga, tímum sem virðast ósanngjarnir og óréttlátir, að missa traust sitt á Guði. Guð gerir ekki

alltaf allt á þann hátt eða á þeim tíma sem okkur finnst að hann ætti að gera þá. Áætlun hans er miklu stærri en okkar. Hann vill miklu fremur breyta okkur en breyta kringumstæðum okkar. Hann notar oft sársaukafullar kringumstæður til að koma okkur á þann stað að við treystum honum einum. Á slíkum tímum skiljum við ekki hvað er að gerast og getum auðveldlega fallið í þá gildru að halda að Guð elski okkur ekki. Biblían segir að við eigum aldrei að leyfa neinu að aðskilja okkur frá kærleik Guðs sem finnst í Kristi Jesú (Róm. 8:35-39). Það besta sem við getum gert þegar við erum í erfiðleikum er að segja upphátt, „Guð, ég veit að þú elskar mig og ég trúi að þetta muni verða mér til góðs.“

Stundum bíður Guð eftir að bjarga okkur þar til við höldum að það sé orðið of seint. Manstu eftir Lasarusi? Hann var veikur en Jesús beið þar til hann lést áður en hann fór og hjálpaði honum og fjölskyldu hans. Marta sagði Jesú að hann væri of seinn en hann vissi nákvæmlega hvað hann var að gera. Hann starfar ekkert endilega eftir okkar tímaáætlun en hann verður aldrei of seinn. Þegar þú átt í erfiðleikum í lífi þínu skaltu virkja trúna þína. Ekki láta ótta og ringulreið ræna þig kærleik Guðs.

1. Jóh. 4:18 er virkilega öflugt vers: „Fullkomin elska rekur út óttann.“ Ég hugleiddi þetta vers aftur og aftur og reyndi að skilja það og dag einn skildi ég: fullkomin elska rekur út ótta og Guð er þessi fullkomna elska. Þegar þú veist hversu fullkomin þessi elska til þín er muntu ekki láta óttann stjórna þér. Þrátt fyrir að þú getir fundið fyrir ótta munt þú halda áfram á réttri leið með Guði vegna þess að þú veist að hann er alltaf með þér.

Það er ómögulegt að óttast mistök ef þú veist að Guð elskar þig. Þér er frjálst að prófa hluti vegna þess að þú veist að kærleikur og samþykki Guðs byggjast ekki á frammistöðu þinni. Þér getur ekki mistekist ef þú reiðir þig á Guð. Þér getur aðeins mistekist ef þú reiðir þig á þína

eigin getu. Hlutirnir ganga kannski ekki nákvæmlega upp eins og þú hafðir áætlað en þeir munu ganga upp ef þú hefur augun á Guði. Ef þú veist að Guð elskar þig munt þú ekki óttast, mistök, höfnun, skort, fortíðina, framtíðina eða nokkuð annað.

Kærleikur Guðs er svo mikill að hann hylur allt. Heldur þú að sá sami Guð sem frelsaði þig og leysti muni láta þér finnast þú vera mistök? Mun hann skilja þig eftir í bjargarleysi? Satan er óvinur sálna okkar. Hann er þjófur og lygari en Jesús vill að við eigum og njótum lífsins (Jóh. 10:10).

Í Amplified-biblúþýðingunni hljómar versioð sem við erum að tala um svona: „Það er engin ótti í elskunni [ótti er ekki til], en fullvaxinn (algjör, fullkomin) kærleikur vísar óttanum á dyr og rekur burt hvern snefil af skelfingu! Vegna þess að óttanum fylgir hugmyndin um refsingu og sá sem er hræddur hefur ekki náð fullum þroska í kærleika [hefur ekki enn vaxið inn í algjöra fullkomnun kærleikans]“ (1.Jóh. 4:18).

Stuttu eftir að Guð hjálpaði mér að skilja að kærleikur hans kastar út ótta þurfti ég að láta reyna á þá þekkingu. Við vorum í bílavandræðum. Við héldum að gírkassinn væri að bila og við höfðum ekki efni á að skipta honum út. Svo við héldum áfram að keyra bílinn og vonuðum að hann myndi ekki detta í sundur.

Morgun einn fann ég að Guð var að hvetja hjarta mitt með þessum orðum: Joyce, eyddu deginum bara í að elska mig og að leyfa mér að elska þig. Þú þarft ekki að gera neitt annað. Þú þarft ekki að reyna að vera kona mikillar trúar. Það eina sem þú þarft að gera er að dvelja í kærleik mínum.“

Ég var syngjandi, semjandi söngva til Guðs, og átti dásamlega stund. Skyndilega heyrði ég í eiginmanni mínum í bílskúrnum, fjörutíu og

fimm mínútum eftir að hann fór í vinnuna! Hann opnaði dyrnar og sagði: „Ég kom bílnum aldrei úr fyrsta gír. Við þurfum að fara með hann og láta gera við hann.“

Ég lokaði hurðinni og fór að hlæja. Það er ekki eitthvað sem ég hefði venjulega gert, né hafði ég ákveðið að gera það. Hláturinn spratt bara fram. Vegna þess að ég var búin að leyfa Guði að elska mig gat ég hlegið mitt í erfiðum kringumstæðum. Að dvelja í kærleika Guðs opnar fyrir það að frá okkur spretti trú frekar en ótti. Ég byrjaði bara að hlæja og það var trú. Ég hló þar sem ég vissi innst inni að Guð elskaði okkur og myndi sjá fyrir okkur.

Abraham hló trúarhlátri. Þegar Guð kom til hans og sagði honum að hann myndi eignast son hló Abraham! Hann vissi að það væri engin náttúruleg leið til þess að hann og Sara myndu eignast barn, en hann trúði Guði og gleði hans flæddi yfir í hlátur. Ég trúi því að þegar við lifum svona veiti það Guði tækifæri til að hjálpa okkur á undraverðan máta. Hverjum myndi detta í hug að hlæja þegar hann er að glíma við vandamál? Biblían segir að Guð sitji á himnum og hlæi að óvinum sínum. Ef Guð getur gert það getum við það líka. Hlæðu trúarhlátri því Guð elskar þig. Og ef Guð er með þér, hver getur þá verið á móti þér sem skiptir máli?

6

KÆRLEIKURINN TEYGIR SIG ÚT

„Og þetta boðorð höfum vér frá honum, að sá sem elskar Guð á einnig að elska [trú]bróðursinn.“ 1.Jóh. 4:21

Þú ert einstakt barn Guðs. Hann segir þér það í 5. Mósebók 7:6. Ef þú byrjar að hegða þér eins og þú sért einstakt barn hans mun það byrja að breyta heiminum. Þú ferð inn í matvöruverslun með bros á vör, hugsandi, Guð elskar mig. Það gengur allt vel í mínu lífi. Ég get blessað aðra með kærleikanum sem ég finn frá Guði. Gleðstu hvert sem þú ferð og gleði þín mun blessa aðra. Í Sálmí 100:2 stendur að við eigum að „þjóna Guði með gleði!“

Þegar við byrjum að skilja hversu einstök við erum í heildaráætlun Guðs og byrjum að hegða okkur eins og hann elski okkur getum við sigrað heiminn fyrir Jesú. Kærleikurinn mun breiðast út á miklum hraða. Kærleikur Guðs sem flæðir í gegnum þig mun ekki særa annað fólk. Kærleikur hans innra með þér mun leysa þig undan ótta og þú munt ekki hræðast að ná til annarra með kærleik. Þú óttast ekki höfnun eða það að fólk noti þig, heldur mun kærleikur Guðs sjá þær þarfir sem aðrir hafa og reyna að mæta þeim.

Guð vill að þú trúir honum þegar hann segir að hann muni gera meiri verk gegnum þig vegna þess að Jesús fór til hans. Trúir þú því raunverulega að Guð muni nota þig? Guð mun gefa þér það sem þú

trúir honum fyrir. Þú mátt ekki óttast það að stíga út.

Ég get ekki talið þau skipti sem ég hef staðið á „trúarbjargbrún,“ á barmi þess að gera eitthvað ógnvænlegt og það var eins og Guð segði: „Láttu ekki svona, Joyce, komdu. Ég ætla að gera stóra hluti í gegnum þig. Komdu.“ Og ég hef stokkið beint út í það og Guð hefur aldrei brugðist mér.

Veistu af hverju ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því að stíga út og gera mistök? Vegna þess að ég veit að Guð elskar mig. Hann elskar mig og hann veit að ég elska hann og gegnum náð hans hef ég lagt niður líf mitt fyrir hann. Ef þú hefur gert það og þú elskar Guð og þú veist að hann elskar þig er ekkert vandamál sem þú getur ekki sigrast á.

Ef þín sanna þrá er að hjálpa öðrum vill Guð hjálpa þér að hjálpa þeim. Þú þarft ekki einu sinni að hafa mikla getu til þess, þú þarft aðeins að gefa Guði aðgang að þér, og hann sér um restina. Þér finnast kannski hæfileikar þínir vera einfaldir en stundum er það þannig að því einfaldari sem hlutirnir eru, þeim mun kraftmeiri eru þeir.

Ekki lifa lífi þínu í eigingirni og eyða allri orku þinni í að hugsa aðeins um þig og að þú fáiir öllum þörfum þínum mætt. Segðu Guði hvað þig vantar á einfaldan og fljótlegan máta og láttu svo trú þína vaxa til að mæta þörfum annarra. Það sem þú lætur gerast fyrir einhvern annan mun Guð láta gerast fyrir þig. Þegar þú hefur þörf skaltu vera með hugarfar sáðkornsins, ekki hugarfar þarfarinnar. Þegar þú teygir þig út til annarra tekur Guð við því sem sáðkorni sem er sáð til uppskeru sem þú þráir í þínu eigin lífi.

Það vilja allir lifa í velmegun en við verðum að skilja hvað sönn velmegun er. Ég vil skilgreina það sem hæfni til að nota Guðs hæfni til að mæta hverri þörf sem kemur fram fyrir þig. Kærleikur Guðs mun gera þér kleift að setja þarfir annarra framar þínum þörfum.

Heldur þú að Guð elski þig nógu mikið til að gera þér kleift að teygja þig út í kærleik, jafnvel til þeirra sem er ekkert voðalega gaman að elska, þeirra sem eru úrillir og vanþakklátir?

Það þarf ekki mikinn aga til að elska þá sem elska þig á móti. En við verðum að ákalla kraft Guðs til að geta elskað þá sem eru ekki elskulegir. Kærleikur Guðs sem flæðir í gegnum okkur mun gera það vegna þess að þessi kærleikur er skilyrðislaus. Gefins höfum við fengið, gefins skulum við láta í té. Kærleikurinn bregst aldrei og gefst aldrei upp á fólki. Það gæti tekið ár. Það gæti tekið fimm ár. Það gæti tekið tuttugu og fimm ár en það er þess virði. Hversu lengi beið Jesú eftir þér á meðan hann hélt áfram að elska þig? Kærleikurinn er langlyndur, góðviljaður og auðmjúkur. Hann leitar ekki síns eigin, er ekki viðkvæmur og móðgast ekki auðveldlega. Jesús úthellir þessum eiginleikum yfir okkur gegnum kærleik sinn og við getum farið heilan hring og gert það sama fyrir fólk sem er sært, týnt og hungrað eftir að sjá Guð starfa í heiminum.

Guð elskar þig og hann elskar allt fólkið sem er í kringum þig. Hann elskar það hvort sem það er frelsað eða ekki og hann vill nota þig sem farveg til að úthella kærleik sínum.

Ekki óttast það að stíga út. Kærleikur Guðs leysir þig undan ótta og fordæmingu og hann hefur gefið þér kærleiksgetu. Ekki láta deigan síga við að breiða út kærleika Guðs. Þú getur einfaldlega byrjað á því að sýna fólki vinskáp. Taktu þér það verkefni að veita fólki vinskáp og blessun hvert sem þú ferð.

Einföld gestrisni er ein leið til að sýna kærleik, sérstaklega þeim sem eru einmana eða þeim sem hafa misst móðinn. Bjóddu fólki í mat. Fáðu fólk í heimsókn til þín. Taktu í höndina á fólki og brostu. Gefðu einhverjum faðmlag, þegar það á við. Gefðu hagnýta hjálp eins og að bjóða einhverjum far í vinnuna ef bíllinn þeirra er í viðgerð. Náðu til

nýja starfsmannsins í vinnunni og athugaðu hvort þú getir hjálpað honum að kynnast vinnustaðnum. Guð hefur verkefni fyrir þig. Það gæti verið að það sé ekki eitthvað stórt og áberandi en það er eitthvað sem skiptir hann máli. Fólk skiptir Guð máli!

Það eru til einstaklingar sem bara þú getur þjónað til. Biddu Guð að sýna þér leiðir til að miðla kærleik hans til annarra og hann mun kenna þér.

KÆRLEIKUR GUÐS MUN BREYTA ÞÉR

”Þetta er kærleikurinn: Ekki að vér elskuðum Guð, heldur að hann elskaði oss og sendi son sinn til að vera friðþæging fyrir syndir vorar.“ 1. Jóh. 4:10

Guð elskar okkur en ég held að mörg okkar geri sér í raun ekki grein fyrir kærleikum sem hann elskar okkur með. Guð hefur sýnt mér, í gegnum það sem ég hef lært um þetta efni, að ef við raunverulega vissum, innst inni, hversu mikið hann elskar okkur, myndum við hegða okkur allt öðruvísi en við gerum oftast.

Hugleiddu kærleik Guðs til þín. Það er það sem breytir þér. Ef það er eitthvað sem þér líkar ekki við í þínu fari, getur það „að vita að þú vitir“ að Guð elskar þig hjálpað þér að njóta ferðarinnar meðan þú ert að bíða eftir að Guð verki í þér. Ef þú heldur áfram að ergja þig á göllunum þínum getur verið að þú breytist aldrei. Mundu að Guð starfar gegnum trú og sönn trú færir okkur til hvíldar Guðs. (Hebr. 4).

Ég er sannfærð um að margir sem lesa þessa bók eigi ekki í góðu sjálfssambandi. Þeim líkar ekki vel við sig og gætu jafnvel hatað sig. Ef þú ert einn af lesendum mínum sem á í bardaga við sjálfan sig vil ég minna þig á að við getum hatað vondu hlutina sem við gerum en við megum aldrei hata okkur sjálf. Jesús dó fyrir okkur vegna síns

mikla kærleik og það minnsta sem við getum gert er því að taka á móti þeirri dýrmætu gjöf.

Biblían segir: „Því eins og hann hugsar í hjarta sínu, svo er hann“ (Orðskv. 23:7). Svo lengi sem okkur líður illa með okkur sjálf öllum stundum, höfnum okkur sjálfum og gerum okkur ekki grein fyrir því hversu einstök við erum, munum við ekki hegða okkur í samræmi við hugsun okkar. Þetta er vegna þess að við höfum í raun og veru ekki meðtekið í hjörtum okkar þá öfluggu og lífs umbreytandi staðreynd að Guð elskar okkur meira en við vitum.

Guð vill að þú eyðir tíma með honum daglega. Það mun breyta þér. Ef þú setur Guð ekki í fyrsta sætið ertu að setja hann á stað þar sem hann mun ekki geta gert það fyrir þig sem hann vill gera. Það er persónulegi tíminn sem þú eyðir með Guði, þar sem þú elskar hann og leyfir honum að elska þig, sem eykur þér styrk, dirfsku og þroska.

Margir búa til afsakanir og taka aldrei frá tíma til að byggja upp frábært samband við Guð. Þeir myndu vilja eiga gott samband við hann en þeir aga sig ekki og búa ekki til góðar venjur eins og að lesa og biðja. Meira að segja það að gera eitthvað fyrir annað fólk krefst aga og ætti að verða að vana.

Kærleikur Guðs mun breyta þér. Þegar þú upplifir kærleik hans og gerir þér reglulega grein fyrir honum munt þú sjá þrjár þínar breytast. Þú munt vilja líkjast þeim sem elskar þig (Jesú). Að þekkja og þróa með sér persónuleika Guðs í lífum okkar ætti að vera í forgangi hjá okkur. Páll sagði að hann hefði ákveðinn tilgang sem væri að þekkja Krist og kraft upprisunn hans (Fil. 3:10). Taktu eftir því að Páll sagði að hann þyrfti að vera ákveðinn.

Taktu samband þitt við Guð alvarlega. Þú getur átt eins mikla nánd við Guð og þú vilt, það byggist allt á því hversu mikinn tíma þú leyfir

þér að setja í það.

Biblían segir að við séum erindrekar Guðs og hann sé að flytja heiminum mál sitt gegnum okkur (2.Kor. 5:20). Þetta vers grípur alltaf hjarta mitt og gefur mér ferskan skilning á því hversu mikilvægt það er að við fylgjum leiðbeiningu Heilags Anda þegar hann starfar í okkur, breytir okkur og mótar okkur eftir tilgangi Guðs. Kærleika Guðs er úthellt í hjöрту okkar fyrir Heilagan Anda (Róm. 5:5). Taktu við honum, njóttu hans og leyfðu honum að breyta þér!

UPPLIFÐU NÝTT LÍF

Ef þú hefur aldrei boðið Jesú að vera Drottinn þinn og frelsari býð ég þér að gera það núna. Þú getur beðið þessarar bænar og ef þú gerir það í einlægni munt þú upplifa nýtt líf í Kristi:

Guð Faðir, ég trúi að Jesú Kristur er sonur þinn, frelsari heimsins. Ég trúi að hann dó á krossinum fyrir mig og tók á sig allar mínar syndir. Hann reis upp frá dauðum og sigraðist þannig á dauða og gróf. Ég trúi að Jesús er lifandi núna og situr við hægri hönd þína. Ég þarf á þér að halda Jesús.

Fyrirgefðu mér syndir mínar, frelsaðu mig, komdu og lifðu innra með mér. Ég vil fæðast að nýju. Ég vil lifa fyrir þig. Takk fyrir að frelsa mig og hjálpa mér að lifa nýju lífi fyrir þig.

Nú skaltu trúa því að Jesús búi í hjarta þínu. Trúðu því að þér sé fyrirgefð, að þú hafir öðlast réttlætingu fyrir blóð Jesú og að þú farir til himna þegar tími þinn hér á jörðu er liðinn.

Finndu þér góða kirkju til að fara í sem kennir orð Guðs og byrjaðu að vaxa í Kristi. Það mun ekkert breytast í lífi þínu án þekkingar á Guðs orði. Í Jóh. 8:31-32 stendur: „Þá sagði Jesús við Gyðingana, sem tekið höfðu trú á hann: „Ef þér eruð stöðugir í orði mínu, eruð þér sannir lærisveinar mínir og munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa.“

Ég hvet þig til að taka orð Guðs og sá því djúpt í hjarta þitt og samkvæmt 2. Kor. 3:18 munt þú, þegar þú lítur í orðið umbreytast í mynd Krists.

Kærleikskveðjur,
Joyce

UM HÖFUNDINN

JOYCE MEYER er einn fremsti hagnýti Biblíukennari heimsins. Hún hefur verið í efsta sæti metsölulista New York Times og hefur skrifað yfir 100 hvatningarbækur, þar á meðal The Confident Woman, I Dare You, bókaseríuna Battlefield of the Mind, fyrstu skáldsögu sína The Penny og margar fleiri. Hún hefur einnig gefið út þúsundir hljóðkennsla ásamt heildarmyndbandasafni. Útvarps- og sjónvarpsþættir hennar, Joyce's Enjoying Everyday Life®, eru sendir út um allan heim og hún ferðast mikið og heldur ráðstefnur. Joyce og eiginmaður hennar, Dave, eru foreldrar fjögurra fullorðina barna og eiga heimili í St.Louis, Missouri.

TIL AÐ HAFA SAMBAND VIÐ HÖFUNDINN

Joyce Meyer Ministries
P.O. Box 655
Fenton, MO 63026
USA
(636) 349-0303
www.joycemeyer.org

Joyce Meyer Ministries—Canada
P.O. Box 7700
Vancouver, BC V6B 4E2
Canada
(800) 868-1002

Joyce Meyer Ministries—Australia
Locked Bag 77
Mansfield Delivery Centre
Queensland 4122
Australia
(07) 3349 1200

Joyce Meyer Ministries—England
P.O. Box 1549
Windsor SL4 1GT
United Kingdom
01753 831102

Joyce Meyer Ministries—South Africa
P.O. Box 5
Cape Town 8000
South Africa
(27) 21-701-1056
Farðu á tv.joycemeyer.org
til að horfa á boðskap Joyce á ýmsum tungumálum.

FRELSISBÆN

Guð elskar þig og þráir að eiga persónulegt samband við þig. Ef þú hefur ekki tekið á móti Jesú Kristi sem frelsara þínum getur þú gert það núna. Opnaðu hjarta þitt fyrir honum og biðdu þessarar bænar...

„Faðir, ég veit að ég hef syndgað gegn þér. Fyrirgefðu mér. Hreinsaðu mig. Ég lofa að treysta á Jesú, son þinn. Ég trúi að hann dó fyrir mig – hann tók mínar syndir á sig þegar hann dó á krossinum. Ég trúi að hann reis upp frá dauðum. Ég gef líf mitt Jesú á þessari stundu.

Takk, Faðir, fyrir gjöf fyrirgefningar og eilífs lífs. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig. Í Jesú nafni, amen.“

Þegar þú hefur beðið frá hjarta þínu hefur Guð tekið við þér, hreinsað þig og leyst þig undan ánauð andlegs dauða. Taktu þér tíma að lesa og stúdera þessa ritningarstaði og biðdu Guð að tala til þín þegar þú gengur þessa vegferð nýs lífs með honum.

Jóh.3:16 1.Kor. 15:3-4

Efesus 1:4 Efesus 2:8-9

1. Jóhn. 1:9 1. Jóh. 4:14-15

1. Jóhn. 5:1 1. Jóh. 5:12-13

Biðdu hann að hjálpa þér að finna góða kirkju sem trúir á Biblíuna til þess að þú getir fengið hvatningu til að vaxa í samfélagi þínu með Kristi. Guð er alltaf með þér. Hann mun leiða þig einn dag í einu og sýna þér hvernig þú getur lifað því lífi í fullri gnægð sem hann hefur fyrir þig!



Uppgötvaðu gjöf Guðs til þín: Skilyrðislausan kærleik!

Þú hefur aðgang að hverjum einasta hluta krafts og kærleik Guðs – í dag! Og þú ert ekki bara andlit í fjöldanum. Guð elskar þig eins og þú værir eina manneskjan í heiminum. Vandamálið er að þú, eins og flestir, skilur það kannski ekki... eða þú veist það í huganum en finnur það kannski ekki með hjarta þínu. Núna getur þú það. Kraftmikill boðskapur þessarar hvetjandi bókar mun sýna þér:

- Hvernig þú þekkir kærleik Guðs innra með þér
- Hvernig þú getur hætt að efast um að þú sért nógu góð manneskja fyrir Guð
- Hvernig þú getur upplifað stórkostlega opinberun kærleiks Guðs
- Hvernig þú getur fundið Guð, jafnvel í sársaukafullum kringumstæðum lífsins
- Hvernig kærleikur Guðs breytir þér til eilífðar

Með því að deila innsýn sinni og opinberun sem umbreytti lífi hennar færir Joyce Meyer þér ritninguna og önnur vísdómsorð sem geta opnað gluggann að kærleik Guðs... og látið ljósið skína á þig persónulega!



JOYCE MEYER
MINISTRIES®